



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

1. fundur stjórnar. Starfsárið 2025-2026

Haldið í skrifstofu JSÍ Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal ásamt „Teams“
Þriðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 20:00.

Mættir eru:

Gísli F. Egilson, formaður

Aleksandra Lis

Björn Hjaltested Gunnarsson

Daníela Rut Daníelsdóttir

Eyjólfur Orri Sverrisson

Sigmundur Magnússon „Teams“

Ásbjörn Blöndal, varamaður „Teams“

Ásgeir Ásgeirsson, varamaður

Fjarverandi:

Ægir Valsson, stjórnarmaður

Logi Haraldsson, Varamaður

Þormóður Árni Jónsson afreksstjóri JSÍ sat einnig fundinn.

Gísli F. Egilson formaður setur fund og kynnir dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp frá fráfari stjórn, og samþykkt að undanskildum Sigmundi Magnússyni sem samþykkti fundargerð með fyrirvara við 7. gr síðustu fundargerðar dagsett 21.05.2025.

2. Ný stjórn skipar með sér verkum.

Formaður lagði til eftirfarandi verkaskiptingu:

Ægir Valsson, varaformaður.

Björn Hjaltested Gunnarsson, gjaldkeri.

Eyjólfur Orri Sverrisson, ritari

Samþykkt samhljóma.

3. Fjármál.

Björn Hjaltested Gunnarsson gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála en áður hafði hann sent á stjórn greinargerð þar sem farið var yfir helstu tekju og útgjaldaliði JSÍ á fyrstu átta mánuðum ársins. Eins og fram hefur komið hafa tekjur dregist töluvert saman og þurfa iðkendur að fjármagna sig að töluverðu leyti sjálfir. Sambandið er enn rekið að



mestum hluta í sjálfböðavinnu, en nauðsynlegt er fyrir JSÍ að vinna sig upp í afrekssamband innan ÍSÍ.

4. Þróunar og útbreiðsluverkefni

Útbreiðslustyrkur frá ÍSÍ eru rúmar tvær milljónir og lagði formaður fram tillögu að nýta umrætt fjármagn með eftirfarandi hætti:

- „Judo in school“.
- „Strong girls Judo“.
- Fallæfingar aldraðra.
- Útbreiðslu Judo klúbba.
- Judo fyrir fatlaða. „Adapted Judo“

Tillaga var að formaður og gjaldkeri skoði mál frekar með markmiði hvernig best megi koma verkefnum af stað. Formaður hefur þegar hafið verkefni en samræður eru hafnar við skóla á landsbyggðinni, en einnig er Gísli búinn að funda með Reykjavíkurborg varðandi „Judo in school“.

Samþykkt samhljóma

5. Starfsmannamál.

Rýr sjóður JSÍ gerir erfitt fyrir, en eins og fram hefur komið er mestur hluti verkefni unninn í sjálfböðavinnu. Skýrslugerðir, vef JSÍ þyrfti ritstjórn og fleiri verkefni sem til falla eru tímafrek. Ákjósanlegt væri að fá aðstoð á skrifstofu, en það er mat stjórnar að það litla fjármagni sem sambandið hefur til umráða, sé betur varið í afreksstarfið.

6. Nefndir.

Nefndir og Ráð yrðu óbreytt að undanskildum:

Orri Sverrisson kemur í stað Almars Reginn Björnssonar í mótanefnd.

Formaður bar upp tillögu að nýrri nefnd sem vinnur að útbreiðsluverkefninu: Judo fyrir fatlaða. „Adapted Judo“

Nefndina skipa:

Arnar Már Jónsson, Judodeild Suðurnesjabæjar

Eirini Fyttrou - Judodeild KA

Annika Noack, Judodeild Tindastól

Samþykkt samhljóma

7. Önnur mál.

Sigmundur tók til máls og vakti athygli á tölvupósti sem hann sendi 11.06.2025 fyrir 54. þing JSÍ, sem hafði að gera með lögmati boðun á umrætt þing. Gísli svaraði því til að mál hefði verið lagt fyrir lögfræðing ÍSÍ sem gerði ekki athugasemdir við framkvæmd



eða boðun til þings. Almenn umræða var um málið, en niðurstaða var að Sigmundur gerir fyrirvara á 7. gr síðustu fundargerðar eins fram kemur í lið 1. í þessari fundargerð.

Þá kom Sigmundur með tillögu að fundargerðir þyrftu að berast öllum stjórnarmönnum innan fimm daga frá fundi, þar sem samþykktir og ákvarðanir væru skýrar. Það myndi auðvelda stjórn að samþykkja fundargerðir á næsta fundi. Stjórnin var sammála þessu og ritari stjórnar mun fylgja þessu eftir

Björn vakti athygli á kostnaði sem fylgir RIG, en að sama skapi hefur verið umræða hvort RIG verði yfir höfuð haldið, Gísli ætlar að skoða mál og finna hvort RIG verði haldið 2026.

Björn benti enn fremur á að verklag vanti hvernig standa skuli að styrkjum til keppenda vegna keppnis- og æfingaferða erlendis. Samþykkt var að afreksstjóri og gjaldkeri myndu ákveða í sameiningu hver styrkur sambandsins verður hverju sinni í samræmi við fjárhag. Var umrætt verklag samþykkt.

Ásbjörn benti á að við val á keppendum hefði í gegnum tíðina vantað gagnsæi. Þormóður kom inná „Afreksstefnu sambandsins“ og það kerfi sem réði um val á væntanlegum keppendum. Umrædd stefna hafi einnig verið samþykkt á 54. þingi JSÍ.

Björn benti á að mikilvægt væri að stjórn vinni samhent og stuðli að sem mestum framgangi Judo á Íslandi. Ræði ágreining sem upp kemur innan stjórnar og reyni eftir fremsta megni að leysa þau vandamál á þeim vettvangi.

8. Næsti fundur

Hugmynd um að halda fund á Selfossi og hafa opinn fund fyrir alla formenn félaga er enn í burðaliðum.

Gísli mun boða fund fljótlega.

Fundi slitið um 21:20

Gísli F. Egilson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir fund.